

# 252. fundur Skólanefndar FS

## 10. september 2002



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Ívar Valbergsson og Atli Már Gylfason og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Val formanns skólanefndar.
  2. Kennsla á haustönn 2002.
    - a) Kennararáðningar.
    - b) Innritun.
  3. Dagatal annarinnar.
  4. Önnur mál.

Nýr fulltrúi nemenda, Atli Már Gylfason formaður NFS, kynnti sig við upphaf fundar.

### 1. Val formanns skólanefndar.

Fyrsta lið var frestað þar sem ekki hafði verið gengið frá formlegri breytingu á skipan fulltrúa í skólanefnd.

### 2. Kennsla á haustönn 2002.

a) Kennararáðningar.

Skólameistari gerði grein fyrir kennararáðningum. Ráðið hefur verið í öll laus störf en alls bárust um 40 umsóknir um 8 stöðugildi. Fjórir kennarar eru í leyfi í vetur; Jórunn Tómasdóttir og Ragnheiður Gunnarsdóttir eru í launuðu leyfi og þeir Björn Sturlaugsson og Jón Pálmi Skarphéðinsson í launalausú leyfi.

b) Innritun.

Innritun á haustönn gekk vel. Um 740 nemendur er innritaðir í dagskóla, yfir 200 í öldungadeild og 40 í fjarnámi í veiðarfæradeild. Þá stundar óvenju stór hópur 10. bekinga nám í einstökum greinum í hraðferð; þ.e. 55 í ensku og 60 í stærðfræði. Í Heiðarskóla er í tilraunaskyni boðið upp á nám í málmiðnum og spænsku.

Skólameistari benti á að nú á haustönn hafi fámennasti árgangur grunnskólanemenda til fjölda ára innritast í skólann. Næsta haust fjölgar þeim um 25% og því er brýnt að leysa húsnæðisvandamál skólans.


### 3. Dagatal annarinnar.

Farið var yfir dagatal annar sem samþykkt hefur verið á kennarafundi.

**4. Önnur mál.**

a) Skólameistari greindi frá væntanlegri heimsókn menntamálaráðherra sem kemur til fundar við viðræðunefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum, formann skólanefndar, formann byggingarnefndar auk stjórnenda skólans mánudaginn 30. sept. Ráðherra og skrifstofustjóri ráðuneytisins munu ræða um húsnæðismál.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Ólafur Jón Arnbjörnsson,  
fundarritari